

Alþingi
Erindi nr. P 143/1353
komudagur 1.4.2014

Nefndasvið Alþingis,
Atvinnuveganefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 31. mars 2014
2014030026/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um fiskeldi (breyting ýmissa laga), 319. mál

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá atvinnuveganefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um fiskeldi (breyting ýmissa laga), 319. mál.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í 1. gr. frumvarpsins segir um nýjar skilgreiningar: 2. *Sjókvíaeldissvæði: Fjörður eða afmarkað hafsvæði fyrir sjókvíaeldi. Afmörkun sjókvíaeldissvæða tekur á hverjum tíma mið af niðurstöðum rannsókna af dreifingu sjúkdómsvalda.* Ekki getur verið eðlilegt að afmörkun sjókvíaeldissvæða taki aðeins mið af niðurstöðum rannsókna um dreifingu sjúkdómsvalda. Í greinargerð kemur fram að miða eigi m.a. við niðurstöður á dreifingu sjúkdómsvalda með straumlíkönum. Þó sjúkdómar séu einn mikilvægasti þátturinn þegar meta á áhrif af fiskeldi þá er hann ekki sá eini. Sjókvíaeldissvæði hljóta einnig að taka mið af öðrum vistfræðilegum þáttum, svo sem hugsanlegri erfðablöndun eldisfiska við náttúrulega stofna, og þ.m.t. nálægð sjókvíaeldisstöðva við ár sem laxfiskar ganga í og úr. Eins og skilgreiningin er sett fram er hún einföldun á þeim vanda sem upp getur komið.


Frumvarpið sem hér er til umræðu ber allt með sér, eins og lög um fiskeldi nr. 71/2008 í heild sinni gera, að lífríki landsins er af einhverjum ástæðum skipt upp í, að því er virðist blautt og þurrt, eins og að engin tenging sé þar á milli. Kemur þetta m.a. fram í því að ekki er talin ástæða til að leita álits rannsóknastofnana eins og t.d. Náttúrufræðistofnunar og þá væntanlega á þeim forsendum að hún stundi ekki rannsóknir í vatni eða sjó sem er byggt á misskilningi. Einungis er leitað álits Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar, en báðar þessar stofnanir hafa hlutverk sem er nátengt nýtingarþættinum og þeim tegundum sem um ræðir, en er ekki ætlað að hafa yfirsýn yfir lífríki Íslands í heild sinni. Náttúrufræðistofnun hefur bæði verið í umfangsmiklum rannsóknum, í samvinnu við Hafrannsóknastofnun, á botndýralífi í sjó, BIOICE, og hefur undanfarin ár unnið að því að kortleggja vistgerðir við strendur landsins og í stöðu- og straumvötnum. Auk þess sem stofnunin stundar rannsóknir á gróðri og dýralífi þ.m.t. fuglum sem oft eru háðir sjó sem búsvæði. Að vísu segir lögum nr. 71/2008 **5. gr.** *Svæðaskipting fiskeldis. [Ráðherra]¹⁾ skal, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, ákveða samkvæmt lögum þessum skiptingu fiskeldissvæða meðfram ströndum*




landsins. Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra **afla umsagnar [þess ráðuneytis er fer með málefni náttúruverndar]**,¹⁾ Fiskistofu, Matvælastofnunar, Landssambands fiskeldisstöðva, Landssambands veiðifélaga, Veiðimálastofnunar, [Hafrannsóknastofnunar]²⁾ og viðkomandi sveitarstjórnar. (feitletrun Náttúrufræðistofnun) Samkvæmt þessu ákvæði á ekki að leita umsagnar beint til fagstofnana viðkomandi ráðuneytis heldur til ráðuneytisins sjálfs sem svo væntanlega leitar álits til fagstofnana á sviði náttúrufræða. Í þessu felst ekki einföldun hvað varðar umsagnarferli. Benda má á að lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu var breytt, árið 2012, á þann veg að leitað skyldi álits beint til fagstofnana. Einnig er bent á að Náttúrufræðistofnun er umsagnaraðili vegna ræktunar skeldýra, sjá lög nr. 90/2011.

Í 6. gr. frumvarpsins segir: *Við meðferð umsóknar um rekstrarleyfi til fiskeldis skal Matvælastofnun leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar. Matvælastofnun hefur ekki það hlutverk samkvæmt lögum að afla upplýsinga um náttúru Íslands almennt né heldur að meta verndargildi náttúrunnar. Í ljósi þess að Matvælastofnun skal einungis leita álits tiltekinna stofnana um náttúru landsins þá vaknar sú spurning hvort Matvælastofnun fái eða hafi þá yfirsýn yfir náttúru landsins að hún sé fær um að meta áhrif fiskeldis á vistfræðilega þætti almennt þ.m.t. hættu á skaðlegum áhrifum á lífríki og verndargildi.*

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

